

Samþykkt fyrir Húsvendarsjóð Hafnarfjarðar

1. gr.

Húsvendarsjóðurinn er í eigu Bæjarsjóðs Hafnarfjarðar. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til endurgerða eða viðgerða á húsnæði eða öðrum mannvirkjum sem sérstakt varðveislugildi hafa af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum, enda séu framkvæmdir í samræmi við upprunalegan byggingarstíl húss, sjónarmið minjavörslu og bæjarskipulag Hafnarfjarðar.

2. gr.

Menningarmálanefnd Hafnarfjarðar annast stjórn sjóðsins.

3. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal ákveðið í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs ár hvert og skal því varið í samræmi við hlutverk sjóðsins. Sjóðsstjórn metur til hvaða húseigna og hvaða framkvæmda styrkir sjóðsins skulu ná og gerir tillögur til bæjarráðs um styrkveitingar. Sjóðsstjórn getur leitað umsagnar fagaðila, þ.m.t. forstöðumanns Bygðasafns, skipulagsstjóra og byggingafulltrúa.

4. gr.

Tekjur sjóðsins á ári hverju eru:

- framlag úr bæjarsjóði
- vextir af stofnfé sjóðsins árið á undan
- gjafir og framlög

5. gr.


Sjóðurinn stuðli að varðveislu húsa með eftirfarandi hætti:

- með framlögum til viðhalds og endurbyggingar friðlýstra húsa
- með framlögum til viðhalds og endurbyggingar eldri húsa sem teljast hafa varðveislugildi
- með sérstökum viðurkenningum til þeirra sem gert hafa sérstakt átak í þessum efnum.

Ef fleiri en einn eigandi eru að húseign sem sótt er um framlag til skulu eigendur sækja sameiginlega um fyrirgreiðslu.

6. gr.

Umsóknir um framlög úr sjóðnum skulu berast sjóðsstjórn fyrir 1. mars ár hvert. Með styrkumsókn skulu fylgja greinargóðar upplýsingar á sérstökum eyðublöðum um áætlaðar framkvæmdir og kostnað. Stjórnin getur farið fram á að teikningar eða önnur tiltekin gögn fylgi styrkumsóknum. Stjórn sjóðsins skal stefna að því að afgreiða umsóknir fyrir 1. maí ár hvert.

	Skjalasafn _____
	Bæjarráð <u>4.4.2002</u>
	Afgreitt <u>Við á til staðfestingar</u>
	<u>i bæjarsjóð</u>

Sjóðsstjórn getur sett sérstök skilyrði fyrir einstökum styrkveitingum úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í hlutum eða að til þess bær aðili hafi eftirlit með framvindu eða framkvæmd verkefna.

7. gr.

Stjórn sjóðsins veitir viðurkenningar þegar sérstök ástæða þykir til, sbr. 5. gr. og getur þar óskað eftir tillögum og umsögnum fagaðila.

Heimilt er að veita nýbyggingum viðurkenningar ef þær tengjast eldri byggð og falla vel að aðliggjandi byggð, m.a. með tilliti til húsagerðar og efnisvals.

25. mars 2002

Menningarmálanefnd Hafnarfjarðar